

8.3. Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk

8.3.1. Markmið og inntak

Markmið ferðapjónustu í Reykjanesbæ fyrir fatlað fólk er að gera þeim sem búa við fötlun kleift að stunda vinnu, nám eða sækja sér þjónustu á sérhæfðar þjónustustofnanir í Reykjanesbæ. Reglur þessar taka til 35. gr. í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og 20 gr. í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem segir að tryggja skuli að fatlað fólk geti farið ferða sinna og þannig stuðlað að sjálfstæði þeirra í þeim eignum eftir því sem frekast er unnt.

8.3.2. Réttur til þjónustu

Ferðapjónustan er fyrir þá íbúa í Reykjanesbæ 18 ára og eldri og nemendur í grunn- og framhaldsskóla á skólatíma, sem heyra undir lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.

Skilyrði fyrir ferðapjónustu er að einstaklingur geti ekki nýtt sér almenningsamgöngur sökum fötlunar, ráði hvorki yfir né geti notað bifreið og hafi ekki annan aðgang að faratæki.

Ferðapjónustan er fyrst og fremst ætluð þeim sem sækja vinnu, þjálfun eða nám í Reykjanesbæ. Hámarks ferðafjöldi í mánuði eru 62. Ferðapjónustan er almennt veitt innan tímaramma almenningsamgangna innanbæjar.

Hafi umsækjandi sem orðin er 67 ára áður fengið ferðapjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks á hann rétt á þjónustunni áfram eftir því sem þörf krefur.

Ferðapjónustuaðilar skulu við framkvæmd þjónustunnar taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki. Bifreiðastjórum sem annast ferðapjónustu er heimilt að synja akstri í einstaka tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega. Þeim starfsmönnum sem sinna ferðapjónustu er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

8.3.3. Stjórn og ábyrgð

Velferðarsvið Reykjanesbæjar metur þörf fyrir þjónustu og ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna.

8.3.4. Umsóknir og afgreiðsla

Umsóknum um ferðapjónustu skal skila rafrænt á mittreykjanes.is. Í umsókn skal koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda, óskir um ferðafjölda og tilgang ferðanna.

Læknisvottorð eða staðfesting á fötlun þarf að fylgja nýrri umsókn.

Umsækjanda skal kynnt niðurstaða umsóknar bréflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst. Þegar umsókn er samþykkt kemur fram fjöldi samþykktra ferða og gildistími samþykktar. Aksturinn er gjaldfrjálss innan tímamarka ferða almenningsvagna í Reykjanesbæ.

Ferðapjónusta utan Reykjanesbæjar er veitt í undantekningartilvikum. Sækja þarf sérstaklega um þær ferðir og er gjald tekið fyrir þær í samræmi við gjaldskrár áætlunarferða almenningsvagna.

Sé umsókn synjað skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjanesbæjar.

Sé óskað eftir breytingu á ferðafjölda þarf að skila inn umsókn þar að lútandi.

Þegar umsókn um ferðapjónustu hefur verið samþykkt fær þjónustuaðili aksturs upplýsingar um það.

8.3.5. Endurskoðun reglna

Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992, með síðari breytingum.

8.3.6. Málsmeðferð og málskot

Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjanesbæjar. Ákvörðun hennar er hægt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála, innan þriggja mánaða, sbr. 5.gr. laga nr. 85/2015